



Borgarráð

***Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ástand leikskólabygginga og forgangsröðun viðgerða - Tilvísun í mál R17070111.***

Á fundi borgarráðs þann 20. júlí 2017 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn frá borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*“Ástand leikskólabygginga í borginni er víða afar slæmt og þarfnast mikils viðhalds og endurbóta.*

*Óskað er eftir skriflegu svari um ásigkomulag þeirra og viðhaldsþörf. Þá er jafnframt óskað upplýsinga um hvernig viðhaldi og endurbótum er forgangsraðað”*

Umsögn USK:

Ástand fasteigna Reykjavíkurborgar er metið reglulega í tengslum við árlega fjárhagsáætlunargerð og brugðist er við ábendingum þess á milli. Umsjón með viðhaldi er sinnt frá 4 hverfastöðvum undir handleiðslu fasteignastjóra á hverjum stað. Á hverju ári fara þeir yfir ástand þeirra mannvirkja sem þeir hafa umsjón með í samvinnu við stjórnendur þeirrar starfsemi sem er á hverjum stað. Verkefnum er forgangsraðað eftir fjármagni hverju sinni. Forgang fá þau verkefni sem varða öryggi og heilsu notenda mannvirkjanna

Haldið er utan um ástand fasteigna á eignavef Reykjavíkurborgar og þar eru viðhaldsáætlanir fyrir hverja fasteign. Fasteignastjórar og stjórnendur starfsemi hafa aðgang að þeim þar með aðgangsorðum, en einnig er hægt að skoða eignasafnið með almennu aðgangsorði.

Sjá nánar hér: <http://reykjavik.is/thjonusta/eignavefur>

Auk árlegra yfirferða og ábendinga hafa verið gerðar stærri heildarúttekir á fasteignum borgarinnar. Á árinu 2012 var verkfræðistofu falið að gera úttekt á ytra ástandi grunn- og leikskólabygginga. Unnar voru úttektir á öllum grunn- og leikskólum eldri en 15 ára auk nokkurra yngri bygginga þar sem vitað var að framkvæma þyrfti sérstakar viðhaldsaðgerðir. Í júní sl. kom út í vinnudrögum samantektin „Kostnaðaráætlun viðhalds fasteigna í eigu

Reykjavíkurborgar – áætlaður viðhaldskostnaður 2010 – 2030 með hliðsjón af aðferðum brunabótamats“. Þessi samantekt er unnin hjá skrifstofu framkvæmda og viðhalds og er enn í vinnslu.

Leik- og grunnskólabyggingar eru stór hluti eignasafnsins, en skóla- og frístundasvið rekur 64 leikskóla í borginni þar sem dvelja hátt í sex þúsund börn og 36 grunnskóla þar sem 14.000 börn og unglingar stunda nám.

Á árinu 2017 verður varið 2,2 milljörðum til viðhalds fasteigna Reykjavíkurborgar. Það skiptist þannig að 1.258 milljarða fara til almenns viðhalds fasteigna og 800 milljóna til sérstakra átaksverkefna í viðhaldi. Hækkun milli áráanna 2016 og 2017 er um 300 milljónir eða nálægt 34% í almennu viðhaldi.

Unnið er að því þessa dagana að heimsækja alla leik- og grunnskóla og í framhaldi af því verður verkum forgangsraðað fyrir viðhalds- og átaksverk á árinu 2018.

Varðandi raka og lekavandamál, sem geta valdið því að myglusveppir ná að vaxa innandyra, þá er eftir því sem kostur er brugðist við því að finna orsök vandans og síðan í framhaldi unnið að lagfæringum.

Undir átaksverkum hefur verið lögð áhersla á að sinna endurbótum á hjúpflötum húsa þar sem leka hefur orðið vart.



Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds